

við vissa bók, heldur einnig við vissa útskýringu á þeirri bók. Innan þessara þröngu takmarka verður þú svo að mynda þér þína trúarskoðun, — því það verður þú að gjöra eins þó þú sért orþodox, ef skoðunin á að verða *þín* skoðun. Ef þú ert frjálstrúarmaður þá stendur öll reynsla og þekking allra þeirra, sem á undan þér hafa gengið eftir sannleiksleitunarbrautinni, þér opin sem brunnur til að ausa úr, og vitar er vísa þér leið. Búddah, Zoroaster, Socrates, Jesús, Páll, Seneca, Savonarola, Huss, Zwingli, Lúther, Channing, Parker, — allir þessir og ótal fleiri standa þér við hönd, og veita þér af forða þeim, sem þeir hafa með þrautum og tárur samansafnað. Við fætur þeirra getur þú setið og lært af þeim. Það er engar öfgar að segja, að englar beri þig á höndum sér í leit þinni eftir Guði og sannleikanum. Í ljósi þinnar eigin lífsreynslu og þekkingar velur þú svo og endurskoðar það sem fortíðin hefir að gefa þér. Prestarnir og kennimennirnir (ef þeir eru það sem þeir eiga að vera) eru þjónar þínir og leiðsögumenn, en ekki herrar þínir og yfirboðarar eins og oft er í orþodoxu kyrkjunum, ætíð reiðubúnir til að miðla þér af sinni eigin reynslu og þekkingu; reiðubúnir til að gjöra þín vandræði að sínum vandræðum og reyna að greiða úr þeim fyrir þig eftir mætti. Þeir eru þér (að svo miklu leyti sem þeir geta) allt sem andans menn fortíðarinnar eru þér, og það meira sem lifandi menn með holdi og blóði geta verið þér. Undir hvorum kringumstæðunum er nú hægra að mynda sér lífsskoðun?

Þetta bendir á nokkur af þeim hlunnindum sem trúfrelsið veitir mönnum. Vér, sem teljum oss frjálstrúarfólk, megum ekki gleyma því að þetta frælsi hefir kostað erfíði, tár, ofsóknir og stundum líf sannleiks- og frelsis-vinanna, sem hafa afrekað það og veitt oss það sem arf. Vér megum ekki taka við þessum arfi með léttúð og alvöruleysi, heldur verðum vér að finna alvarlega til þess að með arfinum tökum vér oss á herðar heilaga skyldu til þess að vernda þennan arf og afhenda hann komandi kynslóðum. Og ekki einungis eigum vér að vernda hann, heldur eigum vér að hagnýta oss sjálfum hann, en láta hann ekki vera sem pundið er í jörðu var grafið. Ekkert alvöruleysi,